



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Alþingi  
Erindi nr. D 139/1840  
komudagur 29. 3. 2011

Skrifstofa Alþingis  
Bt. Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík og Akureyri, 28. mars 2011

**Efni: Umsögn við tillögur til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020.**

**Þskj: 758 - Mál: 467**

Rannsóknamiðstöð ferðamála fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun og almennt má segja að hún er vönduð og metnaðarfull og henni fylgir vel skilgreind framkvæmda-/aðgerðaáætlun. Hér að neðan verða fyrst reifaðir nokkrir almennir punktar en síðan fjallað um einstök atriði með vísan til tölusettra liða í tillögunni. Er það von okkar að umsögn þessi verði til gagns og bæti tillöguna.

- Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) fagnar því sérstaklega að lagt er útfra sjálfstæði rannsókna. Að mati RMF þýðir það að t.d. mat og úttekt á árangri einstaka aðgerða (s.s. markaðsátaka eða framkvæmda við áfangastaði) geti ekki verið í höndum framkvæmdaaðila, eða keypt sérstaklega af þeim frá ráðgjafastofum. Er lagt til að skýrt verði kveðið á um að sjálfstæð rannsóknastofnun verði sett á fót fyrir greinina, líkt og Hafrannsóknarstofnun er fyrir sjávarútveginn og ÍSOR fyrir orkufyrirtæki og stóriðju. Til að tryggja sjálfstæði hennar þarf hún annars vegar að geta gengið að grunnframlögum vísu á fjárlögum til að halda úti grunnstarfsemi og hins vegar að eiga sterkar rætur í háskólunum. Hið síðara gildir í tilfalli Rannsóknamiðstöðvar ferðamála en ekki hið fyrra og er rannsóknir í ferðamálum ekki að finna á fjárlögum í dag.
- Í tillögunni er talað um ferðamenn, en í ljósi umræðu um kynjað orðfæri má spyrja hvort ekki sé hægt að nota orðið ferðafólk, líkt og heimafólk, landsbyggðafólk o.fl.
- Á nokkrum stöðum er minnst á mikilvægi úttektar á auðlindum, innviðum og mannauði ferðapjónustu og svæðisbundinnar kortlagningar þeirra í landfræðileg upplýsingakerfi (LUK). Þetta þarf þær hugmyndir betur saman við áætlanir um framkvæmdir, markaðssetningu og vörubrúun, enda úttektin í raun undirstaða slíkrar vinnu. Á bls. 6, 3. málsgrein er að finna greinagóðan rökstuðning fyrir þeirri úttekt sem vinna þarf, með vísan til niðurstaðna þjóðfunda um allt land og má leggja meiri áherslu á það.
- Með umsögn fylgir eitt þriggja blaðsíðna fylgiskjal og er vísað til þess hér að neðan undir kafla 4, bls. 19.



## Einstök atriði:

### *Samantekt, bls. 1-2:*

Mikilvægt er að liður 3a byggir á og sé í takt við lið 2d og að meginmarkmið d, verði svo grundvallað á þeirri greiningar-, úttektar- og rannsóknarvinnu sem þar er skilgreind.

Í lið 4d er talað um mælikvarða árangurs og þar talað um kannanir á væntingum og upplifunum ferðafólks. Mikilvægt er að þær séu unnar í heimalöndum ferðafólks, fyrir og eftir ferð, á einstökum áfangastöðum á landinu sem og við brottför frá landinu. Hægt er að samræma þær kannanir sem vinna þarf á væntingum og upplifunum á einstökum áfangastöðum á landinu við mat á fyrirhuguðum framkvæmdum til viðhalds og verndar þeim áfangastöðum, líkt og framkvæmdaáætlun mun vinna að.

### *Kafli 1.1, bls. 6*

Kynntar eru tvær töflur, ónúmeraðar, en þar mætti bæta við vöruskiptajöfnuði einstakra atvinnugreina og kemur þá í ljós að ferðaþjónustan er í raun í öðru sæti á eftir sjávarútvegi hvað varða öflun gjaldeyris. Reyndar má ítreka hér að mikil þörf er á frekari rannsóknum, t.d. á forsendum hliðarreikninga Hagstofunnar og einmitt vöruskiptajöfnuði ferðaþjónustu, t.d. eftir einstökum greinum hennar.

### *Kafli 1.3, bls. 8*

Vísað er í kort í fyrstu og annarri málsgrein, það er ekki að finna. Hinsvegar eru tvö súlurit sýnd. Til er kort og kannski er skýrara að hafa það.

### *Kafli 1.4, bls. 9-10*

Umfjöllun byggir að mestu á núverandi starfssvæðum landshlutasamtaka sveitarfélaga (utan Norðurland), en þau starfssvæði byggjast á kjördæmaskiptingunni sem innleidd var 1959 og aflögð 1999. Þessi starfssvæði eru svo aftur grundvöllur starfssvæða markaðsstofa landshlutana (utan Norðurland). Landshlutasamtök sveitarfélaga, og þannig það sem á bakvið margar markaðsstofur stendur, eru hinsvegar fámennar og víða lítt burðugar einingar. Því vakna upp þær spurningar hvort sú svæðaskipting, sem lögð er til og byggð er á gamalli kjördæmaskiptingu, sé heppileg svæðaskipting og hvort hún eigi nokkuð erindi sem grundvöllur að skilgreiningu sérstöðu einstakra svæða. Einnig þarf að svara spurningum hvort þessi skipting sé í samræmi við félagslegan og efnahagslegan veruleika í landinu. Skapa þarf forsendur þess að vöruþróun og samvinna í viðskiptum geti farið fram óháð þessum landamærum, þannig mótist sérstaða svæða á grundvelli ferðavöru sem þróuð er, hversu langt sem hún kann að teygja sig í tíma og rúmi. Hin samræmda úttekt auðlinda, mannauðs og innviða og kortlagning í LUK sem lögð er til er grundvöllur slíkrar þróunar þvert á mörk svæða.



## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Einnig má sjá í þessari umfjöllun að væntingar eru bundnar við menningarhús á Akureyri og tónlistarhús í Reykjavík. Bæði eiga að efla ráðstefnu og fundamarkað (MICE: Meetings, Incentives, Conferences and Events). Nú er nauðsynlegt að rannsaka möguleika Íslands á þessum vettvangi og leggja mat á þjónustuinnviði og skapa samkeppnisviðmið sem hægt er að meta markaðssetningu með.

### *Kafli 1.5, bls. 10*

Nefna mætti nýlega úttekt SAF á leyfismálum gististaða og ferðaþjónustuaðila. Sláandi er hve margir eru leyfislausir og má búast við að þeir skili ekki gögnum um gistinætur. Það rýrir mjög gildi upplýsingana sem þarna eru fram settar og meta þarf áhrif þessarar ólögmatu starfsemi. Mikið ósamræmi er milli talningar í Leifsstöð og gistináttafjölda og það þarf að skýra.

### *Kafli 3.1, bls. 16*

Fjallað er um að margt bendi til þess að vægi ferðaþjónustu hafi breyst í hugum fólks í kjölfar kreppu eftir 2008. Er tekið undir það en þess má einnig geta að rannsóknir sýna að svo sé ævinlega þegar hefðbundnir atvinnuvegir á landinu hafi lent í kreppu á eftirstríðsárunum.<sup>1</sup>

Í ljósi þessa þarf að huga að hve djúpstæð þessi breyting á hugarfari er og til þess þarf að taka út mannauð, atvinnusamsetningu og svæðisbundna þróun á landinu samhliða þeirri úttekt á auðlindum og innviðum sem nefnd er í tillögnum.

### *Kafli 3.2, bls. 16-17*

Í þriðju málsgrein er rætt um mikilvægi stefnumarkandi vinnu í hönnun framkvæmda og uppbyggingar á áfangastöðum ferðafólks. Öll slík hönnun verður að taka mið af væntingum og upplifunum heima- og ferðafólks. Þannig þarf að vinna rannsóknir og úttektir á einstökum áfangastöðum og liggur fyrir vinnulag að slíku í svokölluðum þolmarkarannsóknum sem unnar voru í Landmannalaugum, Skaftafelli og Lónsöræfum árið 2000 og í Laka árið 2007.

### *Kafli 3.4, bls. 17*

Fagnað er fyrirætlunum um meiri kröfur til umsækjenda og þeirra sem eftirlit skuli hafa. Hér er spurning hvort ekki megi setja inn tiltekin refsíákvæði áður en til stöðvunar á rekstri kemur, s.s. dagsektir?

---

<sup>1</sup> Jóhannesson, G.P. and Huijbens, E. 2010: Tourism in times of crisis: Exploring the discourse of tourism development in Iceland. In *Current Issues in Tourism*. 13(5): 419-434.



## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

### *Kafli 3.5, bls. 18*

Í kassa til hliðar um árangursmat má frekar tala um að kanna (í stað mæla) upplifun og væntingar ferðafólks, þar sem vandmeðfarið er að mæla slíkt. Þarna má koma inn skýrt að t.d. RMF og háskólar séu aðrir þátttakendur, sem mundu geta haft með höndum kannanir sem þessar eða frekari greiningu og úrvinnslu þeirra, t.d. undir ramma þolmarkarannsóknna og í takt við áherslu á sjálfstæði rannsókna.

### *Kafli 4, bls. 19*

Nefnt er að „mikilvægt [sé] að hagræn áhrif ferðþjónustu séu ljós, samspil atvinnugreinar og umhverfis og ekki síður samspil ferðþjónustunnar við menningu og samfélag“. Þessir þrír þættir liggja til grundvallar skilgreindum rannsóknaráherslum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og eru þær unnar með aðkomu allra þeirra sem hafa með ferðamálafræðikennslu og rannsóknir að gera á landinu, sem og á grunni úttekta á rannsóknarþörf fyrir greinina sem gerð var bæði af Rannís 1995 og Ferðamálastofu 2006. Fylgiskjal 1 með þessari umsögn lýsir áhersluatriðum í hverjum þessara þátta.

Hér er ákaflega mikilvægt að unnið sé markvisst að uppbyggingu þekkingar. Til að svo megi verða þarf að byggja upp sjálfstæða rannsóknastofnun og tryggja henni grunnframlag á fjárlögum.

### *Kafli 4.4, bls. 20*

Efst á blaðsíðu 20 er sagt:

Ferðþjónustan kallar eftir að aukinn kraftur verði settur í gagnaöflun og rannsóknir og bendir á að án greininga og rannsókna séu forsendur vöruþróunar, nýsköpunar og markaðssetningar mjög veikar.

Þær greiningar og rannsóknir sem kallað er eftir felast í því sem lýst er í kafla 4.4 og er mikilvægt að tillagan öll verði í takt við og taki mið af úttekt á auðlindum og innviðum ferðþjónustu og þeirri ferðavöru sem mótast á grunni slíkrar úttekta.

### *Kafli 4.5, bls. 21*

Taldar eru fimm aðgerðir í þessum kafla og er fyrst nefnd þarfagreining rannsókna. Er því fagnað og bent á að fylgiskjal 1 byggir á fyrri þarfagreiningum (1995 og 2006) og er þarfagreining úr fræðasamfélaginu frá 2008. Uppfærslum og endurbótum er heilshugar fagnað.



## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Næst eru tveir punktar um rannsóknarfé og er annarsvegar rætt um að Ferðamálastofa hafi með höndum úthlutun vegna hagnýtra rannsókna og að fræðafólk fái aðgengi að öðru rannsóknafé líkt og aðrir. Hér er spurt hvað þessar hagnýtu rannsóknir eigi að fela í sér og að hvað leyti þær er frábrugðnar öðrum rannsóknum? Allar góðar og vandaðar rannsóknir eru hagnýtanlegar og er því meira um vert að tala um sjálfstæðar rannsóknir og þær sem unnar eru innanhúss hjá þeim er málið varða (t.d. Ferðamálastofu) og falla undir t.d. gagnaöflun eða utanumhald. Vísast til þess umsagnar um 6.6.1 og 6.6.3 hér að neðan í þessu samhengi.

Hér er ítrekað það sem sagt hefur verið að ofan um sjálfstæði rannsókna og mikilvægi þess að þær séu tryggðar með grunnfjárveitingum svo hægt sé að byggja þann þekkingargrunn sem mögulegt sé að nýta til að sækja í sjóði, s.s. samkeppnisjóði. Eins og staðan er í dag hefur fræðafólki ekki tekist að sækja í sjóði sökum þess hve lítið er til af grunngögnum og samræmdri þekkingaruppbygginu sem hægt er að byggja stærri sjóðsumsóknir og verkefni á.

### *Kafli 5.1, bls. 22*

Í annarri málsgrein er talað um að ferðapjónustan þurfi að vera vel vopnum búin. Samkeppni snýst ekki um stríðsátök og slíkt orðfæri er friðelskandi þjóð til vansa. Við erum vel í stakk búin til ýmislegs og sem sjófarendur og bændur frá aldaöldi er það eðlilegra orðfæri.

Í sjöttu málsgrein er vísað til skilgreiningar á nýsköpun frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni. Þess má geta að miðstöðin hefur og gert ítarlega grein fyrir undirstöðum nýsköpunar í ferðapjónustu<sup>2</sup> og má mögulega vísa til þess.

### *Kafli 5.2, bls. 23*

Talað er um þekkingar- og tækniyfifærslu og hvernig henni verði best fyrir komið með klasasamstarfi, t.d. í samvinnu við háskóla. Í fyrstu kynslóð vaxtarsamninga og þeim fyrsta sem gerður var á landinu (VaxEy) var skýrt kveðið á um að klasastjórnandi eða samræmingaraðili skuli starfa innan veggja háskólanna í þágu klasans. Er það góð leið og lagt til að það verði skilgreint að klasastjórnandi verði á fræðasetrum, háskólum og þekkingarstofnunum á hverju svæði.

### *Kafli 5.4.2, bls. 26*

Í kassa þar sem nefndir eru aðrir þátttakendur má bæta háskólunum og fræðasetrum við í ljósi þess sem sagt er við kafla 5.2, bls. 23.

---

<sup>2</sup> Hjalager, A-M., Huijbens, E.H., Flagestad, A., Björk, P., Nordin, S. 2008: *Innovation Systems in Nordic Tourism*. Oslo: Nordisk Innovations Centre.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

*Kafli 6.2, bls. 26*

Hér er aftur mikilvægt að þætta þá vinnu sem skilgreind er í kafla 4.4 við samstarf um markaðssetningu. Það er að markaðssetning verði í takt við og taki mið af úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu og þeirri ferðavöru sem mótast á grunni slíkrar úttektar.

*Kafli 6.3, bls. 27*

Í annarri málsgrein er talað um að upplýsingar um stefnur og strauma í ferðaþjónustu, markaðstækifæri og þróun markaða sé í höndum Ferðamálastofu. Hér mætti bæta við að slíkt þarf að þætta við greiningar á væntingum og upplifun ferðafólks líkt og fjallað er um í lið 4d í samantekt. Einnig er nauðsynlegt að bæta við að Ferðamálastofa láti grunn gögn slíkra úttekta og upplýsingaöflunar í tjé sjálfstæðum rannsóknaraðilum eftir samkomulagi.

*Kafli 6.6.1 og 6.6.3, bls. 28-29*

Í árangursmati á báðum stöðum er fjallað um kannanir á væntingum og upplifun og að samsvörun sé. Hér er jafnframt afar mikilvægt að framkvæmdaraðili sé hvorki sá sem meti árangur, né kaupi hann slíka þjónustu af ráðgjöfum. Hér má horfa til óháðrar úttektar þriðja aðila og t.d. að árangur sé staðfestur með niðurstöðum sjálfstæðra rannsókna.

*Kafli 6.6.2, bls. 28*

Þess má geta að innanlandsmarkaður er mikilvæg forsenda þróunar í ferðaþjónustu og var t.d. forsenda þeirrar uppbyggingar sem möguleg var í vetrarferðamennsku í N. Finnlandi.

*Kafli 6.6.5, bls. 30*

Hér er rætt um sérstöðu landsins. Hún verður vart skilgreind á grunni annars en þeirrar úttektar á auðlindum og innviðum sem rædd er að ofan og þeirrar vöruþróunar sem byggir á þeim grunni.

Virðingarfyllst

Dr. Edward H. Huijbens

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

## Samantekt úr rannsóknáætlunum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála unnin 2008 og uppfærð síðan

Að neðan eru taldar grunnrannsóknir og smærri verkefni sem hægt er að byggja á þeim á þessum sviðum sem Rannsóknamiðstöð ferðamála vinnur eftir:

1. Hagræn áhrif ferðaþjónustu
2. Menning, samfélag og ferðaþjónusta
3. Umhverfi og ferðamennska

Utan um hvert þessarar sviða er búið að vinna rannsóknaráætlun og hér að neðan er samantekt úr þeim.

### 1. HAGRÆN ÁHRIF FERÐAÞJÓNUSTU - ÁHERSLUR OG LYKILRANNSÓKNIR

Til að ná markmiðum áætlunarinnar eru skilgreindar fimm áherslur í rannsóknnum, en innan hvernar eru nefnd rannsóknarefni sem eru hvað efst á baugi.

1. Greining á ferðahegðun og neyslumynstri innlendra og erlendra ferðalanga
  - a. Kannanir á neyslu og neysluvenjum innlendra sem erlendra ferðalanga
  - b. Mat og greining á hvötum virkar eftirspurnar – markaðsrannsóknir á upprunasvæðum
  - c. Greining á forsendum og útreikningum hliðarreikninga Hagstofu
2. Efnahagslegt stoðkerfi ferðaþjónustu og innviði
  - a. Greining á innviðum ferðaþjónustu
  - b. Greining á stoðkerfi ferðaþjónustu og nýsköpunarkerfum
  - c. Skilgreining atvinnugreinar
3. Stefnumótun og framtíðarsýn ferðaþjónustu (e. *strategic planning*) samræmt milli landshluta.
  - a. Úttekt á íslenskri ferðaþjónustu eftir landshlutum
  - b. Greining á rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja
  - c. Greining og kortlagning á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu
4. Frumkvöðlastarf, nýsköpun og stjórnunarhættir
  - a. Stjórnunarhættir í íslenskri ferðaþjónustu
  - b. Hvatar frumkvöðla
  - c. Brúa bil fræða og vöruþróunar eftir landshlutum
  - d. Hlutverk ólíkra aðila og stofnanna í nýsköpun og vöruþróun
5. Kortleggja margfeldisáhrif ferðaþjónustu eftir svæðum á Íslandi (e. *mapping the multiplier*)
  - a. Áhersla á viðtöl við rekstraraðila ferðaþjónustu á ákveðnum svæðum til að skoða tekjur og ráðstöfun fjármuna, hvar eru birgjar
  - b. Greining á virðis- og framleiðslukeðjum greinarinnar (e. *supply and value chain analysis*).

## Fylgiskjal 1

2. Skipulag og stjórnun ferðamennsku
  - a) Landnýtingaráætlun ferðamennsku
  - b) Heildarskipulag friðlýstra svæði m.t.t. ferðamennsku
  - c) Greining hagsmunatengsla (e. *complexity of stakeholders*) mismunandi landnýtingar
  - d) Greining á gildi landslags fyrir ferðamennsku
  - e) Ferðamennska og landfræðileg upplýsingarkerfi (LUK)
  - f) Þróun og hönnun ákvörðunarkerfis til uppbyggingar og stýringar sjálfbærrar ferðamennsku
  - g) Gæðastjórnun í ferðaþjónustu
  - h) Umhverfisstjórnun í ferðaþjónustu
  - i) Öryggismál í ferðaþjónustu
  
3. Sjálfbær ferðamennska og birtingarmyndir á Íslandi
  - a) Visthæf ferðamennska (e. *eco-tourism*) og geó-túrismi
  - b) Ferðamennska og þjóðgarðar
  - c) Ferðamennska og loftslagsbreytingar
  - d) Markaðssetning umhverfis
  - e) Þróun og uppbygging áfangastaða
  
4. Vöruþróun í náttúruferðamennsku
  - a) Nýsköpun í ferðaþjónustu byggð á náttúruauðlindum
  - b) Nýting landbúnaðar í þágu ferðamennsku
  - c) Nýting sjávarútvegs í þágu ferðamennsku
  - d) Fuglaskoðun
  - e) Veiði í ám, vötnum og á sjó
  - f) Skotveiðitengd ferðaþjónusta
  - g) Akademísk ferðaþjónusta í þágu umhverfis
  - h) Víðernisferðamennska
  - i) Árstíðabundin ferðamennska